



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 27. janúar 2026
2209119/511.04 ÁK

Efni: Tillaga að framlengingu á uppsögn leigusamnings Sorpu á Dalvegi til
31.12.2026

Með bréfi dags. 5. september 2022 var farið fram á við Sorpu bs. að starfsemi Sorpu við Dalveg 1 yrði hætt og að lóðinni yrði skilað til Kópavogsbæjar eigi síðar en 1. september 2024. Með bréfi dags. 15. júlí 2025 var sá tímafrestur framlengdur til 1. febrúar 2026.

Á fundi Sorpu þann 21. desember 2023 var samþykkt að koma á fót starfshópi um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Hópurinn skilaði af sér tillögu í desember 2024 sem kynnt var bæjarráði Kópavogs sem fól sviðstjóra umhverfissviðs að vinna málið áfram í samstarfi við Sorpu. Sú vinna er langt komin en er enn ekki lokið.

Auglýst var eftir áhugasömum aðilum um þróun á lóðinni Dalvegi 1 sem skilgreind er sem verslunar- og þjónustusvæði í Aðalskipulagi Kópavogs. Umsóknarfrestur var til 30. júní 2025. Niðurstaða valnefndar var lögð fram á fundi bæjarráðs þann 4. desember sl. og samþykkt að bjóða vinningshöfum við viðræðna um lóðarvilyrði til tveggja ára. Innan þess tímaramma er gert ráð fyrir að lóðarvilyrðishafi vinni tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina í samræmi við vinningstillöguna.

Í ljósi ofangreinds er ljóst að tímabundið áframhald á starfsemi Sorpu á Dalvegi mun ekki hafa áhrif á frekari þróun á svæðinu. Því er lagt til að sá tími sem Sorpu var gefinn til að fjarlægja starfsemi sína af Dalvegi verði framlengdur til 31.12.2026.

Virðingarfyllt,

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri